

**Sp.**

**556. Tillaga til þingsályktunar**

[180. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Sildarbræðsluna h.f. til kaupa á vélum í sildarverksmiðju félagsins á Seyðisfirði og til endurbóta á verksmiðjunni.

(Lögð fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

Ríkisstjórninni er heimilt gegn ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar og öðrum tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir Sildarbræðsluna h.f. á Seyðisfirði lán að fjárhæð allt að 3.8 milljónum króna til kaupa á vélum í sildarverksmiðju félagsins á Seyðisfirði svo og til endurbóta á verksmiðjunni.

**Greinargerð.**

Á síðasta Alþingi var samþykkt heimild til handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir Seyðisfjarðarkaupstað til að kaupa hlutabréf Sildarbræðslunnar h.f. á Seyðisfirði, svo og heimild til að ábyrgjast allt að 1.5 millj. króna lán til endurbóta á sildarverksmiðju félagsins. Hlutabréfakaup þessi hafa tekizt og er nú Seyðisfjarðarbær aðaleigandi verksmiðjunnar. Ástand verksmiðjunnar er nú þannig, að hún verður eigi rekin nema með gagngerðum endurbótum, enda er verksmiðjan nú 21 árs gömul.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að mikil þörf er á auknum möguleikum til vinnslu bræðslusildar á höfnum sunnan Langaness. Forráðamenn sildarverksmiðjunnar á Seyðisfirði hafa því undanfarið athugað ýmsa möguleika til þess að stækka og endurbæta verksmiðjuna. Er nú svo komið, að þeir eiga þess kost að festa kaup á vélum úr sildarverksmiðju Ingólfs h.f. á Ingólfsfirði. Er hér um að ræða vélakerfi, sem bræðir 2500 mál sildar á sólarhring. Kerfinu fylgja ýmsir varahlutir og eru vélarnar taldar í góðu lagi og verðið hagstætt. Heildarkostnaður við fyrirhugaðar framkvæmdir er áætlaður um 6 milljónir króna, er í því fólgið verð véla, varahluta, kostnaður við að taka kerfið niður, koma því í skip, flutningskostnaður, ýmis tæki, sem kaupa þarf, kostnaður við að koma vélunum fyrir og kostnaður við byggingar og stækkun á þróarplássi. Talið er, að ef framkvæmdir ganga greiðlega, muni takast að koma þessari stækkun verksmiðjunnar í kring í byrjun næstu sildarvertíðar. Ríkisstjórnin vill fyrir sitt leyti stuðla að því, að úr þessum áformum geti orðið, og fer með þingsályktun þessari fram á heimild Alþingis til að veita til viðbótar ríkisábyrgð fyrir 3.8 millj. króna láni til framkvæmdanna, en sú fyrirgreiðsla er nauðsynleg til þess að vélakaupin geti tekizt.